

Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um eftirlit með samruna.

Frá Gunnari Braga Sveinssyni.

1. Í hvaða tilvikum hefur Samkeppniseftirlitið sett utanaðkomandi umsjónar- eða eftirlitsaðila til að hafa eftirlit með samruna fyrirtækja og hve lengi hefur slíkt eftirlit staðið í hverju tilviki?
2. Hvaða aðilar, aðrir en Samkeppniseftirlitið, hafa haft með höndum slíkt eftirlit, þ.e. eftirlit sem heyrir undir Samkeppniseftirlitið?
3. Hvað hefur verið greitt fyrir eftirlitið í hverju tilviki, hver bar kostnaðinn og hvaða aðili, þ.e. fyrirtæki eða einstaklingur, þáði greiðsluna?

Skriflegt svar óskast.